

Lögreglustjórinn á Austurlandi, sýslumaðurinn á Austurlandi, sveitarfélögin Fjarðabyggð, Fljótsdalshreppur, Múlaþing og Vopna-fjarðarhreppur, Austurbú – Samband sveitarfélaga á Austurlandi, Austurlandsprófastsdæmi, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Menntaskólinn á Egilsstöðum, Verkmenntaskóli Austurlands og Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands hafa ákveðið að vinna saman gegn ofbeldi og öðrum afbrotum með sameiginlegum markmiðum og aðgerðum, sem byggðar eru á svæðisbundnum aðstæðum á Austurlandi.

Núverandi staða

Samstarfsaðilar hafa farið yfir stöðuna á Austurlandi s.s. varðandi núverandi samvinnu, upplýsingar frá sveitarfélögunum, tölfræði lögreglu, upplýsingar úr þolendakönnun lögreglu, niðurstöður Rannsóknna og greininga og upplýsingar frá vinnufundi samstarfsaðila sem haldin var þann 20. mars 2023. Niðurstöður benda til að mikil forvarnarvinna er unnin á Austurlandi af hendi hinna ýmsu aðila en tækifæri eru til að bæta upplýsingaflæði milli samstarfsaðila, efla nánara samstarf og efla lykilaðila enn frekar vegna afbrota- og ofbeldisvarna. Einnig eru tækifæri til að styrkja samvinnu samstarfsaðila á svæðinu til að takast á við ofbeldi og áföll. Við þessa vinnu kom sterkt fram að samstarfsaðilar eru reiðubúnir til að vinna saman að stofnun samráðsvettvangs, bæta enn frekar þjónustu við íbúana í þessum málaflokkum og vinna í sameiningu markvisst að öruggara Austurlandi.

Markmið svæðisbundna samráðsins er eftirfarandi:

- Vinna enn markvissar að öruggara Austurlandi fyrir íbúa svæðisins
- Vinna markvisst að auknum skilningi íbúa Austurlands á ofbeldi og skaðsemi þess
- Styrkja undirstöður og grunn til framtíðar fyrir svæðisbundið samstarf gegn ofbeldi
- Styðja og efla afbrotavarna- og forvarnahlutverk samstarfsaðila
- Efla samstarfsaðila í að takast á við áföll og ofbeldi
- Auka markvisst þekkingu á málaflokknum milli samstarfsaðila, á afbrota – og forvarnarvinnu á Austurlandi á þeirri þjónustu sem verið er að veita íbúum af hendi mismunandi samstarfsaðila á nýjungum og þróun þjónustu í málaflokknum
- Efla enn frekar samstarf milli mismunandi samstarfsaðila varðandi afbrotavarnir og forvarnir
- Efla samvinnu við úrlausn mála
- Vinna í takt við önnur verkefni í þágu almannaheilla á Austurlandi s.s. innleiðingu á farsæld barna, lýðheilsuvísu, áætlanir sveitarfélaga og fl.

Fyrirkomulag samráðsins

Stofnaður verður reglubundinn samráðsvettvangur samstarfsaðila á Austurlandi sem samanstendur af aðilum frá þeim sem vinna að málaflokknum á Austurlandi. Samráðsfundur er haldinn tvisvar á ári þar sem farið verður yfir framgang þeirra áhersluverkefna sem unnin hafa verið frá síðasta samráðsfundi, niðurstöður nýjustu greininga/mælinga í málaflokknum eru kynntar og ræddar og hugmyndum er safnað fyrir möguleg áhersluverkefni sem unnin verða fyrir næsta samráðsfund.

Stofnað verður framkvæmdateymi sem samanstendur af aðilum sem starfa í umboði þeirra sem undirrita samráðsyfirlýsingu þessa. Hlutverk framkvæmdateymis er að vera leiðandi í þróun samráðsins, undirbúa samráðsfundina, taka ákvarðanir um áhersluverkefni eftir umræður á samráðsfundum og niðurstöður nýjustu greininga í málaflokknum, grípa ný áhersluverkefni milli samráðsfunda ef þörf er á, fylgja áhersluverkefnum eftir og ræða nýjustu þróun í málaflokknum eftir því sem við á. Framkvæmdateymi getur sett á stofn vinnuhópa fyrir stök áhersluverkefni þannig að alltaf sé a.m.k einn aðili úr framkvæmdateyminu í hverjum vinnuhópi. Framkvæmdateymið fundar a.m.k. 8 sinnum á ári hverju, tíðni funda í áhersluverkefnum er ákveðin af verkefnastjóra og vinnuhópi hvers verkefnis.

Lögreglustjórinn á Austurlandi boðar samráðsfundi samstarfsaðila, leiðir framkvæmdateymi og boðar fundi þess. Þátttaka í samráðsvettvangi, framkvæmdateymi og vinna við áhersluverkefni eru unnin sem hluti af daglegum rekstri samstarfsaðila.

Framkvæmdaáætlun

- Innleiða samráðsvettvang á Austurlandi sem fundar tvisvar á ári
- Innleiða reglubundna fundi framkvæmdateymis sem fundar a.m.k. átta sinnum á ári
- Auka enn frekar samvinnu og samlegðaráhrif í þeim afbrota – og forvarnarverkefnum sem nú þegar eru í vinnslu hjá samstarfsaðilum
- Leita leiða til að auka enn frekar samvinnu í úrlausn þeirra ofbeldismála sem nú þegar eru í vinnslu hjá samstarfsaðilum
- Skilgreina önnur áhersluverkefni í kjölfar funda samráðsvettvangs
- Skilgreina og innleiða eftirfylgni með þeim mælikvörðum sem valdir verða til árangursmælinga á samráðinu

Samstarfsaðilar skuldbinda sig til að taka þátt í að vinna að framkvæmdaáætlun samráðsvettvangsins. Þátttakendur í framkvæmda-
teymi sækja umboð til að taka þátt í/hefja ný áhersluverkefni innan framkvæmdaáætlunar til síns vinnustaðar þegar þörf er á.

Gildistími og endurskoðun samstarfsyfirlýsingar

Gildistími samstarfsyfirlýsingarinnar er frá 19. september 2023 til loka kjörtímabils sveitarstjórna árið 2026. Samstarfsyfirlýsingin og þar með stöðumat, markmið og framkvæmdaáætlun er endurskoðuð í upphafi hvers kjörtímabils eða fyrr ef verulegar breytingar verða á aðstæðum í samfélaginu.

Egilsstöðum, 19. september 2023

Árni Ólason, skólameistari Menntaskólans á Egilsstöðum

Helgi Gíslason, sveitarstjóri Fljótisdalshrepps

Benedikt Jónsson, framkvæmdastjóri UÍA

Jóna Árný Þórðardóttir, bærarstjóri Fjarðabyggðar

Björn Ingimarsson, sveitarstjóri Múlaþings

Lárus Bjarnason, sýslumaður á Austurlandi

Dagmar Ýr Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri á Austurlandi

Eydís Ásbjörnsdóttir, skólameistari Verkmenntaskóla Austurlands

Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps

Guðjón Hauksson, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Austurlands

Sigríður Rún Tryggvadóttir, prófastur í Austurlandsprófastdæmi

